



Framkvæmda- fréttir 21. tbl. /06



Samgöngur til Vestmannaeyja - Lokaskýrsla starfshóps samgönguráðherra

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var birt fréttatilkynning sem kynnti niðurstöður starfshóps samgönguráðherra um samgöngur til Vestmannaeyja. Nú hefur lokaskýrslan verið birt í heild á vef ráðuneytisins: www.samgonguraduneyti.is. Hér er birtur samantektarkafli úr skýrslunni.

Samantekt

Í nútímaþjóðfélagi eru gerðar sífellt meiri kröfur um góðar og öruggar samgöngur. Góðar samgöngur eru líka forsenda blómlegrar byggðar og geta haft mikil áhrif á vöxt þeirra. Á undanförunum árum hafa komið fram kröfur um bætтар samgöngur við Vestmannaeyjar. Þessum kröfum hefur verið m.a. mætt með fjölgun ferða Herjólfis. Þrátt fyrir fjölgun ferða og að í boði er áætluð flug milli lands og Eyja næst ekki í öllum tilvikum að fullnægja flutningsþörf og eru því uppi kröfur um meiri þjónustu og styttingu á ferðatíma milli lands og Eyja. Í dag búa um 4.200 manns í Eyjum og hefur íbúum farið fækkandi undanfarin ár. Einn liður í því að sporna gegn þeirri þróun gæti verið að efla samgöngur við Eyjar enn frekar.

Framkvæmdir á Suðursvæði

Sjá kort á bls. 4-7

Nú liggja fyrir skýrslur og rannsóknir á þeim kostum sem nefndir hafa verið sem framtíðarmöguleikar varðandi bætтар samgöngur við Vestmannaeyjar. Þannig liggur fyrir hvaða aðgerðir eru mögulegar og hver stofn- og rekstarkostnaður þeirra er.

Margar skýrslur hafa gerðar um þann valkost að gera vegtengingu á milli lands og Eyja. Starfshópurinn hefur skoðað þessar skýrslur og rætt við færustu sérfræðinga á þessu sviði. Þótt talið sé tæknilega framkvæmanlegt að grafa göng á milli lands og Eyja er alveg ljóst að jarðfræðilegar aðstæður eru mjög erfiðar, mun verri en áður hefur þekkt við jarðgangagerð héraendis, sambærilegar við aðstæður við gerð dýrra og vandasamra jarðganga erlendis í lausum og hálflausum jarðlögum og mishörðu bergi. Þessir erfiðleikar endurspeglast m.a. í áætluðum kostnaði við mannvirkjagerðina. Auk þess er ástæða til að minna á að Vestmannaeyjasvæðið er á virku eldgosabelti en það hlýtur að auka áhættu í gerð og rekstri neðansjávarganga. Raunhæfar kostnaðartölur, sem fram hafa komið varðandi gerð vegtengingar milli lands og Vestmannaeyja, er á bilinu 40-70 milljarðar króna. Þótt farið væri í auknar rannsóknir, meðal annars kjarnaboranir, mundu þær rannsóknir ekki breyta nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að kostnaðartölur færu undir 40 milljarða króna. Þá er eftir að reikna með rekstarkostnaði ganganna en samkvæmt skýrslu Línuhönnunar og Mott MacDonald, sem skilað var haustið

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 21. tbl. 14. árg. nr. 442 10. júlí 2006

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir veiktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til veiktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Flugstöð við Bakkaflygvöll. Vestmannaeyjar sjást í fjarska.

2003, var rekstrarkostnaður jarðganga milli lands og Eyja áætlaður um 200 m.kr. ári. Með vísan til þessa telur starfshópurinn ekki réttlætlanlegt að leggja til að farið verði í frekari rannsóknir við að skoða möguleikann á gerð jarðganga milli lands og Vestmannaeyja.

Þá var það eitt að verkefnum starfshópsins að leita leiða til þess að efla flugsamgöngur milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Landsflug hefur haldið uppi áætlunarflugi milli þessara staða. Fyrri starfshópur, sem fjallaði um samgöngur við Vestmannaeyjar, kannaði hvort unnt væri að beita opinberum ráðstöfunum til að lækka fargjöldin og komst að raun um að útboð á flugleiðinni yrði talið brot á samkeppnisreglum Evrópska efnahagssvæðisins meðan flugleiðinni er sinnt á markaðsforsendum. Það er einnig niðurstaða þessa starfshóps að á meðan flugi er sinnt á markaðsforsendum sé ekki ástæða né sé það heimilt út frá reglum EES að fram fari útboð á flugleiðinni. Þá var það ein af niðurstöðum og tillögum fyrri starfshóps um samgöngur við Vestmannaeyjar að aðstaða á Bakkaflygvelli væri ófullnægjandi og var lagt til að bætt yrði úr henni með því að koma upp nýrri flugstöð með viðhlítandi aðstöðu fyrir farþega og umsjónarmann flugvallarins. Ný flugstöð var tekin í notkun á síðasta ári. Þá var einnig á síðastliðnu ári lokið við að setja bundið slitlag á veginn að flugvellinum.

Það er mat starfshópsins að helst beri að líta til tveggja valkosta varðandi bættar samgöngur við Vestmannaeyjar:

1. Bygging ferjulægis í Bakkafjöru og smíði nýrrar ferju.
2. Nýr Herjólfur (Ferja milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja)

Þá er einnig valkostur að lengja Herjólf og auka ganghraða skipsins og er sá kostur jafnframt sýndur hér til samanburðar. Hópurinn telur þó þann kost ekki fýsilegan enda sýna kostnaðarútreikningar að litlu munar á honum og kaupum á nýju skipi.

	Herjólfur	Lenging Herjólf og aukning á ganghraða	Nýr Herjólfur <small>Gert er ráð fyrir 20-21 hnúta ganghraða.</small>	Bygging ferjulægis í Bakkafjöru og ný ferja
Ferðatími milli (Vest-Land)	2 klst. og 45 mín.	2 klst. og 10 mín.	2 klst. og 10 mín.	30 mín.
Ferðatími (Vest-Reyk)	3 klst. og 30 mín.	2 klst. og 55 mín.	2 klst. og 55 mín.	2 klst. og 15 mín.

Tafla 1: Samanburður á ferðatíma.

Í töflu 1 má sjá samanburð á ferðatíma. Í fyrsta lagi er sýndur ferðatími Herjólf og svo ferðatími þeirra kosta sem hópurinn telur vera fyrir hendi varðandi bættar samgöngur til Vestmanna-

eyja. Í ofangreindri töflu er gert ráð fyrir að ferðatími milli Bakka og Reykjavíkur sé 1 klst. og 45 mín. og að ferðatími milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar sé 45 mínútur. Af þeim kostum, sem nefndir hafa verið, er ljóst að bygging ferjuhafnar í Bakkafjöru mundi stytta siglingaleiðina milli lands og Eyja mest. Lenging Herjólf og aukning á ganghraða mundi einnig stytta siglingatímann milli lands og Eyja en ekki í eins miklum mæli. Þá mundi ferðatími milli Eyja og Reykjavíkur styttest um 1 klst. og 15 mín. ef miðað er við að byggt yrði ferjulægi í Bakkafjöru en 35 mín. ef hinir kostirnir yrðu fyrir valinu.

Í töflu 2 má sjá samanburð á kostnaði við þá valkosti sem til greina koma varðandi samgöngur á sjó til Vestmannaeyja. Stofnkostnaður við nýtt skip með 20 hnúta ganghraða er lægri en gerð ferjuhafnar í Bakkafjöru og bygging nýrrar ferju. Stofnkostnaður við að lengja Herjólf og auka ganghraðann í 20 hnúta er umtalsvert lægri en hinir kostirnir. Ekki er talið fýsilegt að nýtt skip hafi meiri ganghraða en 20 hnúta þar sem rekstrarkostnaður eykst til muna við það. Núvirðisreikningar sýna þó að bygging ferjulægis í Bakkafjöru og bygging nýrrar ferju er langhagkvæmasti kosturinn þegar til lengri tíma er litið.

(Allar tölur í m.kr.)	Stofnkostnaður	Rekstrarkostnaður á ári	Rekstrarkostn. í 20 ár og stofnkostn. Núvirt	Rekstrarkostn. í 30 ár og stofnkostn. Núvirt
Óbreyttur Herjólfur		390	5.381	6.315
Endurbættur Herjólfur 20 hnúta	1.560	558	8.650	9.985
Nýtt skip 20 hnúta	4.050	558	9.856	11.191
Bakkafjöruhöfn og ferja	4.750	190	6.057	6.512

Tafla 2: Samanburður á kostnaði miðað við að árlegur rekstrarkostnaður óbreytts Herjólf sé 390 m.kr. og rekstrarkostnaður við Bakkafjöruferju sé 190 m.kr. á ári.

Eins og áður sagði er það mat starfshópsins að líta beri til tveggja valkosta við skoðun á bættum samgöngum milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Meginkraftan er sú að stytta ferðatímann milli lands og Eyja. Með ferjusiglingum milli Heimaeyjar og Bakkafjöru myndi ferðatíminn milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur styttest mest eða um 1 klst. og 15 mínútur. Með nýjum Herjólf styttest tíminn um 35 mínútur. Ekki er því óvarlegt að tala um verulegar umbætur ef byggð yrði ferjuhöfn í Bakkafjöru. Stytti ferðatími getur einnig haft í för með sér:

- Meiri sóknarfæri í ferðaþjónustu.
- Fleiri atvinnutækifæri með því að atvinnusvæði tengjast.
- Aukna ferðatíðni sem eykur möguleika á viðskiptum og þjónustu.
- Nýja möguleika á samvinnu sveitarfélaga.

Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að bygging ferjuhafnar í Bakkafjöru mun hafa veruleg áhrif á flugsamgöngur við Eyjar. Þannig er líklegt að flug á milli Eyja og Bakka leggist af og einnig verður að telja að áhrif á flug milli Eyja og Reykjavíkur verði töluverð. Ljóst er að skoða þarf samfélagsleg og efnahagsleg áhrif þess ef af byggingu ferjuhafnar í Bakkafjöru yrði. Þá er mikilvægt að gerðar verði framtíðarspár um hugsanlega flutningsþörf milli Eyja

og meginlandsins þannig að tryggt verði að ferjan anní eftirspurn. Jafnframt þarf að huga að almenningssamgöngum milli Bakkafjörðu og Reykjavíkur.

Starfshópurinn leggur til að Siglingastofnun verði falið að ljúka nauðsynlegum frumrannsóknnum á Bakkafjörðu. Áætlaður kostnaður við þær rannsóknir og aðrar sem þarf að leiða til lykta áður en að lokahönnun kemur er um 40 m.kr. Þá telur hópurinn einnig nauðsynlegt að forhönnun, rannsóknir og kostnaðaráætlun Siglingastofnunar á ferjuhöfn í Bakkafjörðu verði yfirfarnar af þar til bærum aðilum. Samhliða því verði framkvæmt áhættumat (Risk Analysis) á siglingum farþega-skips milli Eyja og Bakkafjörðu. Ef ekkert kemur fram við þær rannsóknir, sem breytir þeirri niðurstöðu Siglingastofnunar um að hægt sé að byggja ferjuhöfn í Bakkafjörðu og kostnaðaráætlunir þeirra breytast ekki að neinu marki, þá er það mat starfshópsins að sá kostur standi framar öðrum þegar kemur að framtíðarlausnum á samgöngum við Vestmannaeyjar.

Niðurstöður útboða

Víðidalsvegur (715),

Hrappsstaðavegur - Dæli 06-018

Tilboð opnuð 27. júní 2006. Endurbýgging 3 km kafla Víðidalsvegur (715) frá Hrappsstaðavegi (7175) út fyrir Dæli. Um er að ræða 4 m breiðan malarveg.

Helstu magntölur eru:

Fylling og Fláafleygar	30.000 m ³
Burðarlag	10.000 m ³
Rofvörn	2.400 m ³

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. júlí 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 K.N.H. ehf., Ísafirði	38.443.800	104,0	6.437
--- Áætlaður verktakakostnaður	36.965.000	100,0	4.958
1 Guðmundur Vilhelmsson, Hvammstanga	32.006.970	86,6	0

Heggstaðanesvegur (702),

Bessastaðir - Sandar 06-020

Tilboð opnuð 4. júlí 2006. Endurbýgging og styrking 4,1 km kafla Heggstaðanesvegur (702) frá Bessastöðum að Söndum. Um er að ræða 4 m breiðan malarveg.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	6.000 m ³
Burðarlag	7.000 m ³
Malarslitlag	1.240 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. október 2006.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	10.995.000	100,0	820
1 Guðmundur Vilhelmsson, Hvammstanga	10.175.250	92,5	0

Kjalvegur 2006

06-060

Tilboð opnuð 27. júní 2006. Endurbýgging 4 km kafla Kjalvegur frá Sandá að afleggjara að Fremstaveri. Um er að ræða tvíbreiðan veg með klæðingu.

Helstu magntölur eru:

Skering	46.700 m ³
Fylling	24.300 m ³
Fláafleygar	5.300 m ³
Neðra burðarlag	17.900 m ³
Efra burðarlag	2.000 m ³
Tvöföld klæðing	18.000 m ²
Ræsalögn	114 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2006.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
8 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi	58.805.000	213,8	33.646
7 Háfell ehf., Reykjavík	51.796.250	188,4	26.637
6 Glaumur ehf. Heflun ehf.	47.390.250	172,3	22.231
5 K.N.H. ehf., Ísafirði	37.787.000	137,4	12.628
4 Mjöllnir, Selfossi	36.000.000	130,9	10.841
3 Sigurjón Kjartansson, Selfossi	29.028.750	105,6	3.869
2 Klæðning ehf., Kópavogi	28.000.000	101,8	2.841
--- Áætlaður verktakakostnaður	27.500.000	100,0	2.341
1 Vélgrafan hf., Selfossi	25.159.350	91,5	0

Pverárfjallsvegur (744),

brú á Gönguskarðsá 06-015

Tilboð opnuð 27. júní 2006. Bygging brúar á Gönguskarðsá á Pverárfjallsvegi (744) fyrir norðan Sauðárkrók. Brúin er 30 m löng eftirspennt bitabráu með 8,1 m breiðri akbraut.


Helstu magntölur eru:

Grjótvörn og síulag	610 m ³
Vegrið með handriði í brík	30 m
Vegrið með handlista í akbraut	30 m
Handrið	32 m
Gröftur	2.700 m ³
Mótafletir	1.580 m ²
Steypustyrktarjárn	38.550 kg
Spennt járnalögn	5.259 kg
Steypa	531 m ³
Festingar	0,29 t
Legur	4 stk.



Niðurföll, þéttilistar og lagnir fyrir símastrengi.


Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	64.135.000	100,0	7.648
2 Brú verktakar ehf., Reykjavík	56.988.888	88,9	501
1 Mikael ehf., Höfn	56.487.450	88,1	0



35 Kjalvegur
Sandá - Fremstaver
Nýbygging: 4,0 km
Fjárveiting:
2006: 45 m.kr.
Útboð: júní 2006
Verklok: júní 2007





984 Hoffellsvegur
 Hringvegur - Hoffell
 Nýbygging: 2,5 km
 Fjárveiting:
 2006: 13 m.kr.
 2007: 5 m.kr.
 Útboð: apríl 2006 (yfirlagnir
 á norðaustursvæði)
 Verklök: september 2006
 Verktaki: Malarvinnslan ehf.




Vegakerfið	
	Stofnvegir með bundnu slitlagi
	Stofnvegir með malarslitlagi
	Tengivegir með bundnu slitlagi
	Tengivegir með malarslitlagi
	Landsvegir með bundnu slitlagi
	Landsvegir með malarslitlagi

Framkvæmdir	
	Nýbyggingar, bundið slitlag
	Nýbyggingar, malarslitlag
	Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðingar
	Styrkingar eða festun burðarlags
	Styrkingar á malarvegi
	Viðhald á malarslitlagi

Framkvæmdir 2006, kort 1

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta. Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.





Mosfellsheiði

Pingvallavatn

Lyngdalsheiði

Laugarvatn

375 Arnarbælisvegur
Hringvegur - Grænhóll
Nýbygging: 0,8 km
Fjárveiting:
2004: 3 m.kr.
2005: 7 m.kr.
Verðkönnun: maí 2006
Verklok: september 2006
Verktaki: Nesity ehf., Árnesi

354 Sólheimavegur
Eyvík - Sólheimar
Nýbygging: 4,7 km
Fjárveiting:
2005: 36 m.kr.
2006: 62 m.kr.
2007: 23 m.kr.
Útboð: febrúar 2006
Verklok: september 2007
Verktaki: Heflun ehf.,
Ásahreppi

Hellisheiði
HVERAGERÐI

Ingólfsfjall

SELFOSS

Ölfusá

Porlákshöfn

Eyrbakkí

Stokkseyri

Þykkvibær

427 Suðurstrandarvegur
Hraun - Ísólfsskáli
Nýbygging: 6 km
Fjárveitingar:
1998-2002: 96 m.kr.
2003: 151 m.kr.
Útboð: desember 2004
Verklok: júní 2006
Verktaki: Háfell ehf.

314 Holtsvetur
ofan Stokkseyrar
Nýbygging: 800 m
Fjárveiting:
2006: 8 m.kr.
Samningsverk: febrúar 2006
Verklok: júní 2006
Verktaki: Ræktunarsamband
Flóa og Skeiða ehf., Selfossi

25 Þykkvabæjarvegur
um þéttbýli í Þykkvabæ,
færsla á vegi
Nýbygging: 0,7 km
Fjárveiting:
2006: 17 m.kr.
Útboð: apríl 2006
Verklok: september 2006
Verktaki: Eining sf., Gaularási,
Rangárþingi ytra



Framkvæmdir 2006, kort 2

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta. Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.



Pjósárdalur

Pjósá

Búrfell

Hekla


Framkvæmdir

- Nýbyggingar, bundið slitlag
- Nýbyggingar, malarslitlag
- Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðingar
- Styrkingar eða festun burðarlags
- Styrkingar á malarvegi
- Viðhald á malarslitlagi

Vegakerfið

- Stofnvegir með bundnu slitlagi
- Stofnvegir með malarslitlagi
- Tengivegir með bundnu slitlagi
- Tengivegir með malarslitlagi
- Landsvegir með bundnu slitlagi
- Landsvegir með malarslitlagi

271 Árbæjarvegur
Heiðarbrún - Árbær
Nýbygging: 1,3 km
Fjárveiting:
2006: 29 m.kr.
Útboð: apríl 2006
Verklók: september 2006
Verktaki: Eining sf., Gaularási,
Rangárþingi yfra



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð

Auglýst:
dagur, mánuður, ár

Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 27. júní var ákveðið að fresta útboðum og upphafi nýrra framkvæmda á vegum ríkisins. Sú aðgerð er tímabundin en ótímasett. Í samræmi við þessa ákvörðun ber Vegagerðinni að fresta nú þegar öllum fyrirhuguðum útboðum á framkvæmdaverkefnum (nýframkvæmdum).

Þar sem nýjar tímasetningar á útboðum liggja ekki fyrir er listi yfir fyrirhuguð útboð Vegagerðarinnar birtur hér óbreyttur en án tímasetningar.

06-048	Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði		
06-031	Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata		
06-030	Útnesvegur (574), Háahraun - Hella		
06-029	Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur		
06-027	Snæfellsnesvegur (54) um Hítará		
06-028	Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur		
06-026	Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir		
06-024	Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná		
06-025	Hólavegur (767), Hólar - Hólalax		
06-023	Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733)		
06-022	Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls		
06-017	Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn		
06-015	Ferjubakkavegur (530) um Gufá		
06-011	Vetrarþjónusta Norðaustursvæði		
06-010	Mölbúrdur og styrkingar Norðaustursvæði		
06-004	Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið		
06-005	Hringvegur (1) um Vatnsdalsá		
06-006	Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell		
06-007	Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss		
05-047	Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2		

Auglýst útboð

Auglýst: Opnað:

06-033	Efnisvinnsla á Norðvestursvæði, vesturhluti, 2006-2007	26.06.06	11.07.06
05-038	Garðskagavegur (45) um Sandgerði	26.06.06	11.07.06

Útboð á samningaborði

Auglýst: Opnað:

06-020	Heggstaðanesvegur (702), Bessastaðir - Sandar	19.06.06	04.07.06
06-018	Víðidalvegur (715), Hrappsstaðavegur - Dæli	12.06.06	27.06.06
06-060	Kjalvegur 2006	12.06.06	27.06.06
06-057	Pverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá	06.06.06	27.06.06
04-072	Garðskagavegur (45) um Stafnes og Ósabatna	15.05.06	30.05.06
06-037	Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009	15.05.06	30.05.06
06-040	Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri, 2006-2009	15.05.06	30.05.06
05-064	Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	20.02.06	07.03.06

Samningum lokið

Opnað: Samið:

06-054	Hringvegur (1), Ullarnesbrekka, undirgöng Heimir og Þorgeir ehf.	30.05.06	15.06.06
06-050	Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, hönnun Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen	30.05.06	20.06.06
06-051	Hringvegur (1) – Hafravatnsvegur (431), stefnugreind gatnamót Heimir og Þorgeir ehf.	30.05.06	15.06.06
06-019	Melasveitarvegur (505) um Súlunes Guðmundur Vilhelmsson	30.05.06	30.06.06
06-016	Pverárfjallsvegur (744), Skagavegur - Sauðárkrúkur, 1. áfangi Skagfirskir verktakar	30.05.06	26.06.06
06-059	Vetrarþjónusta, uppsveitir Árnassýslu, 2006-2009 Heflun ehf.	13.06.06	27.06.06
06-061	Yfirlagnir á Suðursvæði 2006, malbik Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.	13.06.06	20.06.06
06-032	Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik, Hringvegur (1) í Leirársveit Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.	13.06.06	23.06.06
06-056	Vestfjarðavegur (60), Arnarfjörður - Dýrafjörður, borun rannsóknarhola Alvarr ehf.	13.06.06	04.07.06
06-034	Efnisvinnsla Norðvestursvæði, norðurhluti, 2006-2007 Króksverk ehf., Sauðárkróki	06.06.06	27.06.06
06-014	Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá Velverk ehf.	06.06.06	29.06.06

Öllum tilboðum hafnað

Auglýst: Opnað:

06-003	Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	22.05.06	06.06.06
05-046	Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	15.05.06	30.05.06
06-055	Vetrarþjónusta, Guðlaugsvík - Hólmavík - Reykjanes, 2006-2009	22.05.06	06.06.06



Norræn ráðstefna

um evrópska staðla í vegagerð

Norræna vegtækni-sambandið (NVF), deildir 33 og 34 boða til ráðstefnu þriðjudaginn 29. september 2006 á Hótel Nordica.

Efni ráðstefnunnar eru evrópustaðlar sem fjalla um steinefni (CEN/TC 154) og vegagerðarefni (CEN/TC 227). Ítarleg umfjöllun verður um staðlana og innleiðingu þeirra á Norðurlöndum.

Sjá nánar á heimasíðu ráðstefnunnar:

<http://www.congress.is/cen-nord/>